

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015, íbúðarbyggð við Reykjavíkurveg og Flatahraun.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 24. júní 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 1995-2015, frá 23. desember 1997.

Breytingin felst í því að svæði næst gatnamótum Reykjavíkurvegar og Flatahrauns (Reykjavíkurvegur 50 og 52 og Flatahraun 1) er breytt úr iðnaðar-, verslunar- og þjónustusvæði í annars vegar íbúðar-, verslunar- og þjónustusvæði og hins vegar í íbúðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hafnarfjarðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 24. júní 2004.

Siv Friðleifsdóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Kópavogi.

Miðbær Kópavogs. Digranesvegur 1. Deiliskipulag.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarráð Kópavogs þann 23. apríl 2004 samþykkt tillögu að deiliskipulagi suðurhluta gjárinnar í Miðbæ Kópavogs. Í tillögunni felst heimild til að reisa 2ja hæða atvinnu- og þjónustuhúsnaði, Digranesvegur 1, yfir suðurhluta gjárinnar samtals um 1800 m² að gólfflatarmáli og yfirbyggingu gjárinnar (torg) milli Hamraborgar 8 og fyrirhugaðrar nýbyggingar að Digranesvegi 1.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 21. maí 2004.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.